

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Efni: Svör Fjölís við spurningalista ráðuneytisins dags. 13. apríl 2022 um afstöðu félagsins til ýmissa þátta tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum.

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 13. apríl 2022 um samráð vegna innleiðingar á tilskipun (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum. Í svari þessu er brugðist við þeim spurningum og veittar upplýsingar um þau atriði sem snúa að Fjölís sérstaklega. Aðildarfélag okkar munu væntanlega senda eigin athugasemdir og upplýsingar. Athugasemdir Fjölís snúa því einkum að 5. gr.), 5.-gr. (um notun verka í fræðsluskyni), um 6.-11. gr. (um notkun menningararfsstofnana á verkum og notkun verka sem ekki eru fánleg á almennum markaði), 12. gr. (um heildarleyfi á grundvelli samningskvaða) og 19. gr. um gagnsæiskröfu.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun og rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur gert gagnkvæmnisamninga við 30 erlend systursamtök í 28 þjóðríkjum um hagsmunagæslu vegna eftirgerðar erlendra verka. Fjölís gerir því leyfissamninga við innlenda notendur um slíka eftirgerð og úthlutar rétthafasamtökum tekjunum að frádregnum kostnaði við rekstur félagsins.

Aðild að félaginu eiga:

Blaðamannafélag Íslands
Félag íslenskra bókaútgefenda
Hagþenkir
Myndstef
Rithöfundasamband Íslands
Síton og
STEF

Við innleiðingu tilskipunarinnar er samráð og samstarf við Norðurlöndin um útfærslur og einstök atriði nauðsynlegt. Það er ekki síst mikilvægt vegna norræna kerfisins um heildarleyfi til eintakagerðar á grundvelli samningskvaða. Norðurlöndin hafa um áratuga skeið unnið heildarleyfum á grundvelli samningskvaða fylgis á alþjóðlegum vettvangi. Gríðarlega mikilvægt er að innleiðing þessarar tilskipunar verði gerð með samræmdum hætti á öllum Norðurlöndunum. Fjölís telur það skyldu stjórnvalda að sjá til þess að kerfi sem hafa verið þróuð og virka vel fyrir alla hagaðila séu studd og þeim samtökum rétthafa, sem fara með þróun og viðhald slíkra kerfa, sé gefið tækifæri til að halda þeirri þróun áfram á ýmsum sviðum samfélagsins, öllum hagaðilum til hagsbóta.

Um 5. grein, um undanþágu vegna stafrænna nota á vegum menntastofnana

Spurningar 9-15.

Fjölís leggur áherslu á að tryggð verði sú útfærsla sem fylgt hefur verið um langt árabil að nýta samningskvaðaleyfi og heildarleyfissamninga til að tryggja nemendum aðgengi að höfundaréttarvörðu efni. Með því verða áfram nýtt þau tækifæri sem nógildandi höfundalög veita. Útgangspunkturinn er þá grein 5.2. sem veitir aðildarríkjunum heimild til að veita nógildandi kerfi, með heildarleyfum á grundvelli samningskvaða, forgang umfram víðtæka undanþágu. Með því er mjög takmörkuð þörf á að kveða á um sérstakar undanþágur svo sem 5. gr. heimilar.

Í finnskum höfundalögum er undantekning 5. gr. útfærð á þann veg að til viðbótar því að kveða á um skyldu til gerðar samningskvaðaleyfa þar sem það er mögulegt, er þess er einnig gætt að ef ekki er með einföldum og gagnsæjum hætti unnt að útvega samningskvaðaleyfi er afritun höfundaréttarvarins efnis heimil og greiðir ríkið þá þann kostnað sem af slíkri notkun hlýst. Útfærsla þess er því hin sama og í tilviki IHM á Íslandi hvað varðar eintakagerð til einkanota. Telur Fjölís það góða fyrirmynd. Slík útfærsla krefst þó samvinnu rétthafasamtaka og ráðuneytisins.

Til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar mætti þó bæta við nýju ákvæði sem tekur á notkun verka til myndskreytinga í þeim fáu tilvikum þar sem það kann að eiga við og þá sé samið um þóknun fyrir slíka notkun. Hana má mæla með könnunum. Hafa má til hliðsjónar þóknun sem greidd er fyrir leyfisskylda notkun í því samhengi.

Þá er nauðsynlegt að kveða á um að afnot menntastofnana á lokuðum netum þeirra teljist notkun innanlands, jafnvel þó hún kunni að ná til nemenda sem staðsettir eru í öðrum löndum.

Fjölís telur rétthafa sjálfa eiga að setja til um hlutfall notkunar á verkum þeirra skv. samningskvaðaleyfi. Ekki sé ástæða til að fastsetja það í lögum.

Það er mikilvægt að lagaramminn sé þannig úr garði gerður að hann auðveldi upptöku nýrra viðskiptamódelna og grafi ekki undan sameiginlegri umsýslu höfundaréttarvarins efnis eins og lög mæla fyrir um á Norðurlöndunum og er innleidd nú í nýju ákvæði um rétt blaðaútgefenda. Norðurlöndin, utan Noregs, eru lengra komin með innleiðingu ákvæðisins í landsrétt. Þar er þess vandlega gætt að ekki sé hróflað við því kerfi sem komið var á með heildarleyfissamninga og systursamtök Fjölís fara þar með lykilhutverk við að tryggja að svo verði áfram.

Fjölís hefur ekki sjálfstæða skoðun á því hvort undanþáguna skuli takmarka við útgefin verk eða hvort hún skuli ná til birtra verka einnig. Rétt er talið að hin eiginlegu rétthafasamtök taki ákvörðun fyrir sitt leyti um það.

Um 6.-11. gr. um undan þágu til eintakagerðar til handa menningarstofnunum vegna varðveislu menningararfsins og not menningarstofnana á verkum í söfnum sínum sem ekki er lengur hægt að fá á almennum markaði

Spurningar 20-28.

Fjölís hefur ekki gert samninga við söfn eða aðrar menningararfsstofnanir sbr. 12. gr. höfl. um heimildir til að gera eintök af birtum verkum í safni sínu og gera þau aðgengileg almenningi sbr. 12. gr. b höfl. Félagið hefur þó, f.h. aðildarféлага sinna, lagt til útfærslur og tekið þátt í vinnu við að skilgreina mögulega heildarleyfissamninga um að færa yfir á stafrænt form og gera bókmenntaarfinn aðgengilegan almenningi. Skýrsla vinnuhóps um þá tillögu var gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 2015. S.k. ræsfundur verkefnis um varðveislu menningararfleifðar á starfrænu formi var haldinn í ráðuneyti mennta og menningarmála þann 27. maí 2016 en Fjölís hefur ekki haft fregnir af frekari vinnu við málið. Verkefnið byggir a.m.k. að hluta til á norskr

fyrirmynd um „Bokhylla“ verkefnið, www.bokhylla.no þar sem nú er að finna ríflega 600.000 verk. Þar má finna safn bókmenntaverka sem gefin hafa verið út í Noregi en vettvangurinn er einnig notaður til að gera ýmsar skýrslur og gögn frá hinu opinbera aðgengilegar. Snemma árs 2021 barst beiðni frá þáverandi ráðuneyti mennta – og menningarmála um skipan fulltrúa í starfshóp sem hefði það hlutverk að gera tillögur um afritun og birtingu íslensks prentarfs á netinu. Fjölís skipaði fulltrúa í þá nefnd en ekkert hefur heyrst af verkefninu síðan og ekki verið boðað til fundar um það.

8. gr. tilskipunarinnar kann að hafa veruleg áhrif á Íslandi þar sem útgáfa verka er mikil en markaðurinn lítill og upplög sem seljast upp eru alla jafna ekki gefin út að nýju nema sala þeirra standi undir kostnaði. Því má gera ráð fyrir að markaðsaðstæður komi í veg fyrir endurútgáfu verka. Ekki er óvarlegt að áætla að sá hluti útgefinna verka, sem ekki er lengur fánlegur á markaði, fari því stækkandi ár hvert. Fjölís telur því rétt að við innleiðingu 6. og 8. gr. sé hliðsjón höfð af þeim sérstaka markaði sem Ísland er, ekki síst ef ákveðið verður að halda áfram að vinna að varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi. Minnt er á að í formálgrein 33 með tilskipuninni er mælt fyrir um að unnið verði að innleiðingu ákvæðisins í samræmi við lagahefð, starfsvenjur og aðstæður. Fjölís telur að setja þurfi reglur um það hvenær verk teljist ekki lengur fánleg á markaði enda geti slík skilgreining ekki verið túlkunatriði hverju sinni enda valdi slíkt réttaróvissu. Slík staða varðandi gerð samningskvaðaleyfa væri óbærileg.

Þörf fyrir sérstök ákvæði vegna þarfa fyrir að heimila notkun yfir landamæri mætti útfæra með reglugerðarheimild síðar en vegna þess að íslenska er örtungumál er þörf fyrir slíkt óljós.

Um samráð sem spurt er um í sp. 28 þyrftu fulltrúar mismunandi réttthafahópa og notenda að sammælast um þær skilgreiningar sem þörf er á í tengslum við mögulega heildarleyfisveitingu á sviðinu. Fjölís hefur ekki skoðun á fyrirkomulagi um samtal og samvinnu aðila.

Um 12. gr. um landsbundnar samningskvaðaheimildir

Spurningar 29-30.

Fjölís hefur um langt árabil farið með samningagerð um heildarleyfi á grundvelli samningskvaða. Ekki verður annað séð en 12. gr. sé í samræmi við 26. gr. b. og kröfur til þeirra samtaka réttthafa sem heimild hafa til gerðar slíkra samninga. Aðild að Fjölís eiga sjö samtök réttthafa sem allir eiga fulltrúa í stjórn félagsins. Starfsemi félagsins, möguleikar réttthafa á að undanskilja verk sín, veitt leyfi og upplýsingar um höfundarétt er að finna á vef félagsins ásamt ársreikningum og gagnsæisskýrslum. Fjölís birtir jafnframt yfirlit yfir verk sem undanþegin eru heimildum skv. samningum á vef sínum. Kynningarráðstafanir félagsins hafa því verið virkar um árabil og uppfylla að mati Fjölís kröfur tilskipunarinnar. Fjölís telur eðlilegt að tryggj sé að samtökum réttthafa sé tilkynnt um fyrirhugaða samningagerð en setur spurningarmerki við frestunaráhrif enda ætti notkunarheimild að geta virkjast án tafar eftir að réttmætt er að ætla að ekki sé um að ræða andstöðu við fyrirhugaða leyfisveitingu. Um er að ræða lítinn markað þar sem boðleiðir eru stuttar og mikilvægt að veiting leyfa til afritunar höfundaréttarvarins efnis sé skilvirk og kvik.

Um 19. gr. um gagnsæiskröfu

Spurningar 54-63.

Í 19. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart höfundum og flytjendum um notkun og þóknun fyrir notkun verka og flutnings á grundvelli nytjaleyfa og annarra samninga. Smæð markaðarins á Íslandi veldur því að allar götur frá því samningskvaðaákvæði voru innleidd og fyrstu samningar gerðir, hefur innheimta og úthlutun farið fram með kollektífum hætti. Í því felst að ekki eru gerðar

kannanir með reglubundnum hætti til að greina hina eiginlegu réttihafa. Fjölís hefur aflað upplýsinga um notkun mismunandi tegunda efnis frá systursamtökum sínum á Norðurlöndunum og hefur skipting á milli rétthafasamtaka tekið mið af þeim upplýsingum við samningaviðræður um skiptingu. Fjölís tekur við greiðslum frá Norðurlöndunum vegna notkunar á íslensku efni erlendis og fær persónugreinanlegar upplýsingar frá þeim í tveimur tilvikum. Við slíkar aðstæður og skv. ákvörðun stjórnar Fjölís hafa viðeigandi aðildarsamtök tekið við þeim greiðslum óskertum og upplýsingum um réttihafa og greitt þeim þeirra hlutdeild.

Í gagnsæisskýrslu Fjölís, sem gefin er út árlega í tengslum við aðalfund félagsins er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur og rekstrarkostnað en einnig úthlutun fjármuna til aðildarsamtakanna og erlendra samningsaðila, greint niður eftir einstökum samningum, dagsetningu úthlutunar og samanburði við síðasta ár. Þar er einnig að finna upplýsingar um alla samninga sem félagið hefur gert á grundvelli umboða frá rétthafasamtökunum. Eins og áður segir eiga öll aðildarsamtök fulltrúa í stjórn félagsins og fulltrúaráði og fulltrúar allra rétthafa hafa því komið að ákvörðun um nýtingu og endurgjald fyrir notkun höfundaréttarvarins efnis þeirra samninga sem gerðir eru.

Gerð kannana til að greina þá einstaklinga eða fyrirtæki sem fara með höfundarétt eða skyld réttindi er kostnaðarsöm. Kerfið sem koma þarf á til að eiga í samskiptum við þá alla og greiða þeim tiltölulega lágur upphæðir er kostnaðarsamt einnig, bæði tíma- og mannaflafrekt.

Fjölís leggur gríðarlega mikla áherslu á að gagnsæiskrafa sú sem birtist í 19. gr. tilskipunarinnar taki mið af þeim aðstæðum sem við búum við hér á landi. Verði of langt gengið þar mun það leiða til þess að stóran hluta innheimtra tekna verði að nýta til að uppfylla slíkar kröfur. Sátt er um það meðal rétthafasamtaka sem aðild eiga að Fjölís að úthlutun til þeirra sé framkvæmd með þessum hætti til að hámarka þær fjárhæðir sem að endingu skila sér til rétthafanna sjálfra í gegnum ýmis konar greiðslur sem rétthafasamtökin bjóða upp á. Má þar nefna ritlaun, styrki vegna útgáfu og kostun á degi íslenskrar tungu.

Um aðrar greinar

3. gr. Mikilvægt er að setja reglur um texta- og gagnanám til að ljóst sé hvernig farið er með höfundaréttarvarið efni auk þess sem „lögættan aðgang“ þarf að skilgreina einnig.

15. gr. Í Danmörku hefur verið lagt til að ákvæðið í 15. gr. um verndun útgefins fréttæfnis vegna notkunar í stafrænni miðlun verði útfært þannig að heimilt verði að semja um heildarleyfi á notkun útgefins fréttæfnis á grundvelli samningskvaða. Fjölís hvetur ráðuneytið til að fylgja því fordæmi sem þar verður gefið, jafnvel þó héraðs séu enn ekki starfrækt samtök útgefenda fréttæfnis.

21. gr. Fjölís hefur þegar innleitt reglur um meðferð ágreinings vegna skiptingar tekna sem innheimtar eru á grundvelli samningskvaðaheimilda. Þær er að finna á vef félagsins. Í þeim felst að skipuð skal sáttanefnd innan félagsins sem leitast við að leysa upp kominn ágreining og komast að rökstuddu sammæli um tekjuskiptingu. Gerð er krafa um að sáttamenn hafi þekkingu á samningum Fjölís og lagaramma höfundaréttarins. Framkvæmdastjóri félagsins vinnur með sáttanefnd að öflun upplýsinga, undirbúningi málsmeðferðarinnar o.þ.h. Takist ekki að leysa ágreining innan félagsins er heimild í samþykktum þess um að heimilt sé að leggja hann fyrir héraðsdóm.

f.h. Fjölís

Reykjavík 12. maí 2022

Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri